

**Eyþór Ingi Jónsson** lauk kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar, undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Fríðu Lárusdóttur o.fl. Því næst nam hann við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Þaðan lauk hann prófi með hæstu einkunn vorið 2007. Aðal orgelkennari hans var prof. Hans-Ola Ericsson. Auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn. Kennari hans var prof. Erik Westberg. Eyþór kennir ýmsar tónlistargreinar, heldur reglulega námskeið og fyrirlestra. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika héraendis og erlendis. Einnig hefur hann leikið með fjölda hljóðfæra-leikara og söngvara. Eyþór hefur bæði leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem og stjórnað hljómsveitinni. Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi kammerkórsins Hymnodia. Eyþór hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hinsvegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann er listrænn stjórnandi Barokksmiðju Hólastiftis. Eyþór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012.

